

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Teams

Dagsetning: 30. apríl 2021

Tími: 12:00 til 13:30

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA), Raket Lind Hauksdóttir (RLH), Unnur Elva Arnadóttir (UEA) og Vigdís Jóhannsdóttir (VJ). Þá var framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR) mætt.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

- 1. Dagskrá stjórnarfundar**
- 2. Skýrsla framkvæmdastjóra**
- 3. FKA blaðið 2021**
 - Efni og fyrirkomulag. Staðan hjá FKA og Vikunni.
- 4. Ársfundur**
 - Drög að kynningu stjórnar
- 5. Framboð til nefndastarfa**
 - Skráning í nefndastarf 2021-2022
- 6. Stefnumótunarskýrsla**
 - Drög að yfirliti yfir stefnumótun
- 7. Innsendar lagabreytingatillögur**
 - Framlagðar tillögur frá starfsnefnd til breytinga á lögum FKA
- 8. Fundur með landsbyggðadeildum og stjórn**
 - Fundur 27. apríl 2021 á Zoom
- 9. Ráðstefna landsbyggðadeilda**
 - Ráðstefna haldin 17. apríl 2021
- 10. Heimasíðan staðan.**
- 11. Önnur mál**
 - a) Þátttaka í norrænum samstarfsvettvangi
 - b) Mundakot staðan, velunnarar vs. ársfundur.
 - c) Framboð stjórn, formaður og nefndir.
 - d) VR staðan og næstu skref

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum ÁG.

1. Dagskrá stjórnarfundar

HRÁ fór yfir dagskrá fundarins.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

AR fór yfir skýrslu framkvæmdastjóra. AR greindi frá því að hátt í 20 konur hefðu nú þegar skráð sig í nefndir félagsins, tvær hefðu formlega lýst yfir framboði sínu til stjórnar FKA og ein hefði tilkynnt um framboð sitt til formanns þó að ekki hefði borist formleg tilkynning um það til skrifstofu.

AR greindi frá því að samstarfið við Stúdíó Birting um útgáfu FKA blaðsins gengi vel og blaðið færi í prentun á næstu dögum.

Þá greindi AR frá því að vel gengi að undirbúa aðalfund félagsins sem haldinn verður þann 19. maí nk.

AR fór yfir stöðuna í fjármálum félagsins.

3. FKA blaðið 2021

AR fjallaði um að undirbúningur að útgáfu FKA blaðsins í samstarfi við Birting væri á lokametrunum. Allar félagskonur munu fá hlekk á blaðið án endurgjalds og jafnframt verður hægt að kaupa blaðið í verslunum.

4. Ársfundur

- Drög að kynningu stjórnar

HRÁ varpaði fram drögum að glærुकynningu sem hún og AR hafa útbúið fyrir ársfundinn. Fundurinn verður með rafrænu sniði á sama hátt og árið 2020. Sá háttur mæltist vel fyrir og voru félagskonur á landsbyggðinni sérlega ánægðar með það fyrirkomulag.

Samstaða var um að mikilvægt væri að festa í formi fyrirkomulag fundarins til að draga úr álagi við framkvæmd fundarins. Ákveðið var að fundurinn færi fram í Borgartúni 35, þar sem búið er að taka frá öll fundarherbergi og greiður aðgangur að tæknaðstöðu til útsendingar á fundinum. Tekið verður tillit til þeirra sóttvarnarráðstafana sem verða í gildi 19. maí og konum boðið í hús ef það verður leyfilegt.

5. Framboð til nefndastarfa

- Skráning í nefndastarf 2021-2022

Rætt var að félagskonum gæfist kostur á að skila inn framboðum til nefndastarfa fyrir 10. maí nk. Töluvert af framboðum hafa nú þegar borist. Stjórn mun fara yfir lokafrágang á listum þeirra sem bjóða sig fram til nefndastarfa á síðasta fundi fyrir aðalfund, þann 12. maí nk.

6. Stefnumótunarskýrsla

- Drög að yfirliti yfir stefnumótun

HRÁ varpaði fram skjali með stefnumótunaráherslum FKA sem byggjast á niðurstöðum stefnumótunardags FKA sem fram fór á árinu 2019. Í skjalinu eru kynntar niðurstöður stefnumótunardagsins og þann tón sem var sleginn á þeim degi. Í skjalinu er farið yfir hlutverk FKA, s.s. tengslanet, hreyfiafl og sýnileika.

Markmiðið er að stefnumótunaráherslurnar verði birtar á heimasíðu FKA innan skamms, auk þess sem Andrea mun kynna samræmi stefnumótunar og áherslna í starfinu síðasta vetur.

7. Innsendar lagabreytingatillögur

- Framlagðar tillögur frá starfsnefnd til breytinga á lögum FKA

Stjórnarkonur lýstu yfir ánægju með störf starfsnefndar um tillögur til breytinga á lögum FKA. Starfsnefndin var skipuð Áslaugu Gunnlaugsdóttur, Elfur Logadóttur og Jónínu Bjartmarz. Starfsnefndin mun kynna lagabreytingatillögur sínar á aðalfundi félagsins þann 19. maí nk.

Starfsnefndin leggur til að 4. gr. verði felld úr lögum um FKA, en hún fjallar um heimild stjórnar til að víkja félagskonu úr FKA ef hún brýtur lög félagsins eða sýnir af sér háttsemi sem er andstæð hagsmunum félagsins. Til vara leggur starfsnefndin til að ákvæðið verði þrengt þannig að það nái einungis til kvenna sem gegna trúnaðarstöðum fyrir félagið. Stjórn FKA er fylgjandi tillögu um breytingu á ákvæðinu, en telur óvarlegt að fella 4. gr. alveg út. Stjórn mun því leggja til að sú breyting verði samþykkt á fundinum.

Að öðru leyti styður stjórn allar tillögurnar eins og þær liggja fyrir.

8. Fundur með landsbyggðadeildum og stjórn

- Fundur 27. apríl 2021 á Zoom

HRÁ, RA, RLH, VJ og AR áttu þann 27. apríl sl. fund með landsbyggðadeildum á Zoom. Fundurinn tókst mjög vel þar sem ríkti jákvæður andi. Fundurinn var gríðarlega gagnlegur. Allar sem mættu á fundinn voru sammála um að heppilegt sé að halda fund með stjórn FKA og landsbyggðadeilda í upphafi og lok hvers starfsárs. Grunnur var lagður að því að árlega yrði haldin ráðstefna með landsbyggðadeildum og tók fulltrúi FKA Norðurlands að sér að stofna sameiginlega Facebook síðu stjórnarkvenna allra landsbyggðadeilda.

9. Ráðstefna landsbyggðadeilda

- Ráðstefna haldin 17.apríl 2021

Stjórn fjallaði um vel heppnaða ráðstefnu með landsbyggðadeildum þann 17. apríl sl. þar sem fjallað var um ríkidæmi landsbyggðarinnar. Stjórnarkonur klöppuðu fyrir þætti MJN í því að gera ráðstefnuna eins glæsilega úr garði og raun ber vitni.

Á meðal umræðuefna á ráðstefnunni var hver tækifærin væru fyrir landsbyggðina og hvernig við tökumst á við breyttan veruleika. Fjallað var um er vegferð frumkvöðuls, hindranir, árangur og hvernig hið "sunnlenska módel" er. Þá var fjallað um sjálfbærni, nýsköpun, úthýsingu starfa, skapandi markaðssetningu, nándina í fjarlægðinni o.fl.

Skipulagsnefnd ráðstefnunnar var í höndum eftirfarandi:

Laufey Guðmundsdóttir stjórnarkona FKA Suðurlandi sem starfar hjá Markaðsstofu Suðurlands var ráðstefnustjóri.

Aðrar sem voru í undirbúningsnefndinni voru Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst, Hrund Guðmundsdóttir Grafískur hönnuður hjá Klettagjá ehf., Dagný Ósk Halldórsdóttir hjá Glerfelli ehf. og Jóhanna Hildur Ágústsdóttir stjórnarkona hjá FKA Norðurlandi sem var í skipulagsnefnd. Norðurlandi og eigandi Matlifunar.

Erindin voru fjölbreytt og fyrirlesararnir eiga það sameiginlegt að blómstra við búsetu á landsbyggðinni:

- Sigurður Ingi Jóhannsson Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Opnunarávarp: Vinna, búseta, hamingja.
- Ingibjörg Valdimarsdóttir Ritari.is Úthýsing starfa – tækifæri og áskoranir.
- Ingunn Jónsdóttir Háskólafélag Suðurlands Menntun og fræðsla á landsbyggðinni – sunnlenska módelið.
- Hildur Þóra Magnúsdóttir Pure Natura Reykjavík - Árósar - Hegranes – vegferð frumkvöðuls, hindranir og árangur.
- Laufey Sif Lárusdóttir Ölverk Skapandi og lifandi markaðssetning.
- Hrefna Sigmarsdóttir Húsafell Perla milli hrauns og jökla, uppbygging á Húsafelli síðastliðin 20 ár.
- Sesselja Barðdal Eimur Tækifæri landsbyggðarinnar út frá sjálfbærni og nýsköpun.
- Sigrún Davíðsdóttir Talaði frá London Náandin í fjarlægðinni.
- Margrét Jónsdóttir Njarðvík Rektor Háskólans á Bifröst Hvað svo?
- Laufey Guðmundsdóttir Markaðsstofa Suðurlands Ráðstefnustjóri
- Auður I Ottesen Sumarhúsið og garðurinn Tekist á við breyttan veruleika.
- Arnheiður Jóhannsdóttir Markaðsstofa Norðurlands Störf án staðsetningar, tækifæri eða ógnun?

10. Heimasíðan staðan

AR greindi frá því að þættir tengdir myndbirtingum á prófíl félagskvemma á heimasíðu hefur ekki virkað eins og til stóð og fátt um svör í því mikilvæga máli að hafa félagatalið rétt, með mynd o.s.frv. Ljóst væri að Viska sem verktaki um gerð heimasíðunnar hefði ekki staðið við samningsskuldbindingar sínar. FKA á eftir að borga lokagreiðslu samkvæmt samningnum við Visku. Stjórn taldi einsýnt að fá þyrfti annan aðila til að leggja mat á ágalla heimasíðunnar, lagfæra það sem misfarist hefur sem og að ljúka við gerð hennar þannig að hún verði að fullu nothæf. Soffía Haraldsdóttir, félagskona hefur verið mjög hjálpleg við stjórn og framkvæmdastjóra til að ná fram umbótum og hefur hún tekið að sér að finna aðila sem getur stigið inn og lagað það sem þarf að laga. Vegna augljósra vanefnda Visku á samningsskuldbindingum sínum samþykkti stjórn að fela ÁG að útbúa riftunarbréf fyrir hönd félagsins á samningnum við Visku.

11. Önnur mál

a) Þátttaka í norrænum samstarfsvettvangi

Stjórn samþykkti að fela MJN að útbúa umsókn fyrir hönd stjórnar FKA um þátttöku í norrænum samstarfsvettvangi.

b) Mundakot staðan, velunnarar vs. ársfundur

Yfirfærslu á bókhaldi félagsins til Mundakots er lokið. Margrét hjá Mundakoti hefur staðið sig mjög vel.

c) Framboð stjórn, formaður og nefndir

Stjórn fagnaði framkomnum framboðum til stjórnar, formanns og til setu í nefndum. Stjórn vonast til að jákvæður andi muni ríkja í aðdraganda kosninganna sem fram fara á aðalfundinum og að því verði fagnað að félagskonur gefi kost á sér til starfa .

d) VR staðan og næstu skref

Jákvæð þróun hefur átt sér stað í samskiptum við VR vegna aðkomu VR að rannsókn Samtal um áhugavert samstarf heldur áfram.

e) Verkefnið "Hefjum störf"

Eftir umræður ákvað stjórn að setja inn tilkynningu inn á heimasíðu félagsins um að FKA væri þátttakandi í verkefni stjórnvalda "Hefjum störf" og að félagið myndi auglýsa sérstaklega eftir félagskonum FKA til að nýta þetta úrræði og koma til starfa hjá FKA. AR mun annast gerð starfslýsingar til að fá starfsmann tímabundið til félagsins. RLH mun veita AR stuðning við umsóknarferlið gagnvart Vinnumálastofnun.

Fleira var ekki gert.

Fundi sliti kl. 13:30. Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.